

5 ára afmæli menntabúða UT-torgs

Jibbí – Jey. Við eigum afmæli í dag!!

Í dag 1. nóvember 2018 eru 5 ár síðan við höldum fyrstu UT menntabúðirnar á Menntavísindasviði HÍ, „*Trix, Tækni og Tenglsanet*“. Upphafshópur skipuleggjenda menntabúða UT-torgs eru Bjarndís Fjóla, Hanna Rún Eiríksdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Svava Pétursdóttir, Tryggvi Thayer og Þorbjörg Þorsteinsdóttir. Við höfum haldið fjöldan allan af menntabúðum víða um land. Megin markmið menntabúða er að efla tengslanet þátttakenda. Ég hef sagt það áður og held því áfram að menntabúðir er skemmtilegasta og áhrifaríkasta starfsþróun sem ég hef tekið þátt í undanfarin ár.

Menntabúðir tengjast vel hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þar sem jafningjar koma saman, ræða málin, deila þekkingu, reynslu og hugmyndum. Þátttakendur menntabúða UT-torgs skipta hundruðum og erum við mjög þakklát fyrir góðar viðtökur, jákvæðni og þolinmæði í okkar garð.

Kærar þakkir þið öll.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

F.h. skipuleggjenda Menntabúða,
Bjarndís Fjóla Jónsdóttir.



Menntabúðir UT torgs 22. mars 2018



Staðsetning: Stofa H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs v/Stakkahlíð

Hvenær: Fimmtudaginn 22. mars kl. 16:15-18:00

Samstarfsaðilar: Upplýsingatæknitorg, Menntavísindasvið HÍ, RANNUM, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Þemað að þessu sinni er einfalt eða upplýsingatækni í skólastarfi. Dagskráin er enn í mótun og ef þú hefur áhuga á að kynna eitthvað eða fá kynningu á einhverju skráðu það á Padlet töfluna á eftirfarandi slóð: https://padlet.com/uppltorg/menntab1_2018

Einnig getur þú séð dagskránnar þar.

Efirfarandi kynningar eru staðfestar:

Þemaverkefnið “Snjalli skólinn minn”, spjalddölvuteymi Setbergsskóla.

Skynjarar fyrir micro:bit, Raspberrypi, þjarkaþróunarverkefni, Vísindasmiðja HÍ.

Námsflæði kerfið, Flow Education.

Kafteinninn, Fróði, Málfarinn og Prím, Costner.

Skráning fer fram á eftirfarandi slóð: <https://goo.gl/forms/uzE77Nu94dhQ7DGk2>

Sjá nánar í Smore auglýsingu <https://www.smore.com/n7us3-menntab-ir-reykjav-k?ref=email>

Menntabúðir

26.10.17

Reykjavík

Fimmtudaginn 26. október verða haldnar menntabúðir í stofu H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs v/Stakkahlíð.

Skólastofan H-207 var nýverið endurskipulögð. Ný húsgögn og stórir snerti skjáir teknir í notkun.

Skráning: <https://goo.gl/forms/wcqe7WQV5UnQvCij1>

Menntabúðir (e. EduCamp) er starfsþróun á jafningjagrundvelli. Aðferðin byggir á óformlegri jafningjafræðslu sem stuðlar að aukinni umræðu á milli skólastiga sem og eflingu tengslanets

kennara. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru opnar öllum en sérstaklega miðaðar að starfandi kennurum á öllum skólastigum sem og kennaranemum (**sjá myndskleið neðst á síðunni**).

Þema menntabúðanna að þessu sinn er mjög opið: **„Upplýsingatækni í skólastarfi“**.

Þátttakendur geta mætt með umfjöllunarefni sem þeir brenna fyrir eða hafa áhuga á, en einng hefur verið vinsælt að koma með „vandamál“ og fá aðstoð við að leysa það.

Þátttakendur eru beðnir um að koma með framlag í búðirnar. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá **kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námskrárvinnu, varpa fram spurningu** eða koma með eitthvað málefni sem þarfnast lausnar.

Ekki er ætlast til að allir komi með framlag. **Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku**. Með virkri þátttöku er átt við að ganga á milli stöðva, spjalla og spyrja spurninga. #menntabudir #menntastefna

Dagskrá:

Við ætlum að breyta aðeins út af vananum og setja dagskrána upp í Padlet töflu. Þar sem þátttakendur munu stýra efnistöfum.

Slóðin er: <https://padlet.com/uppltorg/menntabdagskra>

Við biðjum ykkur um að setja „miða“ á Padlet töfluna með því sem þú hefur áhuga á að kynna í búðunum. Þetta getur verið eitthvað sem þú vilt læra, fá svar við spurningu, aðstoð við verkefni, almennt spjall um ákveðið málefni og hvað þú vilt kenna, kynna, ræða um.

Í stuttu máli getur þú sett miða inn um hvað þú vilt kynna þér og hvað þú vilt kynna fyrir öðrum.

Að búa til miða:

Smelltu á plúsinn í hægra horninu. Þegar þú hefur fyllt hann út smellir þú einhversstaðar annarsstaðar á töfluna og við það vistast aðgerðin.

Hlökkum til að sjá ykkur!!

Menntabúðir 22.03.2017

Miðvikudaginn 22. mars kl. 16:15-18:15 verða haldnar menntabúðir í Hólabrekkuskóla, Suðurhólum 10, 111 Reykjavík.

Þátttaka er ókeypis og fer skráning fram á eftirfarandi slóð:
<https://goo.gl/forms/UB9nTJP9UP3PXNzs1>

Menntabúðir (e. EduCamp) er starfsþróun á jafningjagrundvelli. Aðferðin byggir á óformlegri jafningjafræðslu sem stuðlar að aukinni umræðu á milli skólastiga sem og eflingu tengslanets kennara. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum sem og kennaranemum (sjá myndskleið neðst á síðunni).

Þema menntabúðanna er „**BETT sýningin og hagnýt UT-verkfæri**“. Við hvetjum bæði þá sem fóru á BETT og þá sem ekki komust til að mæta, deila og læra.

Þátttakendur geta mætt með umfjöllunarefni sem þeir brenna fyrir eða hafa áhuga á, en einng hefur verið vinsælt að koma með „vandamál“ og fá aðstoð við að leysa það.

Þátttakendur eru beðnir um að koma með framlag í búðirnar. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námskrárvinnu, varpa fram spurningu eða koma með eitthvað málefni sem

þarfnast lausnar. Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku. #menntabudir #menntastefna

Sjá Smore auglýsingu viðburðarins: <https://www.smore.com/5tduu>

Dagskráin er að skýrast:

1. Code & Go Robot Mouse Activity
2. Google Chromebook tölvur
3. Pi top vél og kennsluefni frá Kóder
4. Breakout Edu leik
5. Ýmislegt Maker UT-dót til að prófa
6. OSMO kynning fyrir leikskóla
7. OSMO kynning fyrir grunnskóla
8. 3D prentari

Svo bætast alltaf við fleiri kynningar á staðnum.

Samstarfsaðilar: Upplýsingatæknitorg, Hólabrekkuskóli, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Menntabúðir sem starfsþróun

Menntabúðir eins og við köllum EduCamp eða EdCamp er skemmtilegasta og áhrifaríkasta leiðin til starfsþróunar sem ég hef tekið þátt í síðastliðin ár. Menntabúðir hafa verið í þróun hér á landi síðan 2012 og hef ég verið svo heppin að vera þátttakandi í því ferli frá bryjun. Upprunalega módelið af Educamp, sem við vinnum eftir kemur frá Kólumbíu. Sjá grein eftir Diego Ernesto Leal Fonseca hjá EAFIT University.

Markhópurinn okkar er kennarar á öllumskólastigum og kennaranemar, en einnig hafa aðilar utan þess ramma tekið þátt og gefið búðunum skemmtilegan blæ. Meginmarkmið menntabúða er óformleg jafningjafræðsla og að efla tengslanet þátttakenda.

#menntabudir #uttorg

Viðfangsefni hverra menntabúða á vegum UT-torgs er upplýsingatækni í námi og kennslu út frá ákveðnu þema, þátttakendum er einnig frjálst að koma með tillögur að umfjöllunarefni. Skipulagið er mjög sveigjanlegt, þátttakendur skrá sig, gefa stutta lýsingu á kynningu ef þeir vilja vera með kynningu. Þó eru kynningar mjög oft ákveðnar á staðnum.

UT-torg hefur staðið fyrir menntabúðum í samstarfi við Menntamiðju, Rannum, Reykjavíkurborg, Menntasmiðju, 3F, Nýherja, Epli og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Mjög ánægjulegt er að fylgjast með útbreiðslu aðferðarinnar hér á landi sem fer eins og eldur í sinu. Fjöldi skóla hafa tekið hana upp, aðlagð hana að sínum aðstæðum og hefur hún m.a. verið nýtt sem vettvangur fyrir kennara, nemendur og forledra.

Í þessari viku eru áætlaðar menntabúðir í Ólafsfirði og á Vesturlandi. Samstarfshópurinn sem stendur að menntabúðum á Norðurlandi **#Eymennt** samanstendur af kennurum og skólastjórnendum. Og verða þær haldnar í Grunnskóla Fjallabyggðar í Ólafsfirði á morgun **1. nóvember kl. 16:15**. Sjá auglýsingu.

Hjálmur Dór Hjálmsson stendur að menntabúðum á Vesturlandi **„Skapandi skólastarf á Vesturlandi“** í samstarfi við kennara og skólastjórnendur. Og verða þær haldnar **fimmtudaginn 3. nóvember kl. 15:30** í Grunnskóla Borgarfjarðar, Varmalandi. Sjá auglýsingu.

Markmiðið er að halda menntabúðir í sem flestum skólum í hverjum landshluta.

Menntabúðir Forritun — Fréttir

Fimmtudaginn 27. október voru haldnar Menntabúðir og umfjöllunarefnið var forritun og leikjafræði. **Rúmlega 30 þátttakendur** mættu og tóku virkan þátt sem var samvinnuverkefni UT-torgs, Menntamiðju, Reykjavíkurborgar, RANNUM og Menntavísindasviðs HÍ.

Eftirfarandi kynningar voru:

- Gunnar Ingi Magnússon frá RÚV, kynnti Microbit tölvuna og nýja forritunarkennsluvef www.krakkaruv.is/kodinn.
- Guðrún Randalín Lárusdóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans og Ólafur Sveinn Jóhannesson, deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar Tækniskólans, kynntu Forritunarkeppni grunnskólanna og fyrirhugaðar Forritunarbúðir fyrir kennara (nánar auglýst síðar).
- Jórunn Pálsdóttir og Sveinn Bjarki Tómasson, kennarar og verkefnastjórar í Melaskóla, kynntu Lego Wedo.
- Anna María Þorkelsdóttir, verkefnastjóri í Hólabrekkuskóla, kynnti forritunarkennslu í Hólabrekkuskóla en þar er hefst forritunarkennsla í 1. bekk.
- Tryggvi Thayer, verkefnastjóri Menntamiðju, kynnti tónlistarforritun án kóðunar.
- Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð HÍ, kynnti ýmsar bjargar fyrir kennara um forritun. Sjá sameiginlega Padlet töflu. Taflan er opin og hugmyndin er að við söfnum í sameiningu góðum tenglum og sögum, fordæmum í forritunarkennslu.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á Menntabúðunum.



Menntabúðir –
Forritun –
27.10.16



Menntabúðir haust 2016

Á haustmisseri 2016 verða haldnar þrennar Menntabúðir um UT í námi og kennslu. Þær fara fram í stofu H-207 í húsnæði

Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Tímasetningin er alltaf sú sama kl. **16:15-18:15**. Smelltu hér til að sjá Smore auglýsinguna.

Menntabúðir (e. EduCamp) er **hagnýt og áhrifarík aðferð til starfspróunar** sem við höfum haldið **undanfarin 3 ár**. Aðferðin byggir á **óformlegri jafningjafræðslu** sem stuðlar að aukinni umræðu á **milli skólastiga** sem og **eflingu tengslanets** kennara. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru ætlaðar starfandi **kennurum á öllum skólastigum og kennaranemum**.

Umfjöllunarefnið er opið, þátttakendur geta **komið með uppástungur** en einnig hefur verið vinsælt að koma með „**vandamál**“ og fá aðstoð við að leysa það. Það getur verið allt frá því að **fá kennslu á ákveðið forrit yfir í að safna hugmyndum að námskeiði**.

Þátttakendur eru beðnir um að **koma með framlag í búðirnar**. Framlög geta verið margbreytileg, t.d að segja frá **kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námskrárvinnu, varpa fram spurningu** eða koma með eitthvað málefni sem þarfnast lausnar. *Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir **virkri þátttöku***.

Smelltu á dagsetningarnar til að skrá þig á menntabúðirnar.

- **27. október – Forritun**
- **24. nóvember – MakerSpaces**
- **7. desember – Heimsókn í FabLab Reykjavík**

Samstarfsaðilar: UT-torg, Reykjavíkurborg, Menntamiðja, Rannum og Menntavísindasvið HÍ.

Myndskeiðið hér fyrir neðan er tekið upp á menntabúðum 10. mars 2015.

MegaMenntabúðir Fréttir

Miðvikudaginn 28. september síðastliðinn voru haldnar Mega Menntabúðir.

Um 100 þátttakendur mættu og tóku virkan þátt í viðburðinum sem var sameiginlegt átak Menntamiðju, UT-torgs, Sérkennslutorgs, Náttúrutorgs, Tungumálators, Nýsköpunartorgs, Stærðfræðitors, Rannum, Reykjavíkurborgar og Landskrifstofu eTwinning.

Alls fóru fram 21 mjög fjölbreyttar kynningarnar, þær voru eftirfarandi:

Ármann Halldórsson frá Verslunarskóla Íslands kynnti hermi- og hlutverkaleikinn Klappland.

Stefán Bergsson frá Skáksambandi Íslands kynnti verkefnið „*Kennari verður skákkennari*„.

Hróbjartur Árnason frá HÍ kynnti forritin Office Mix og Onenote Classroom.

Björn Leví Gunnarsson og Þröstur Bragason frá Menntamálastofnun kynntu Micro Bit smátölvuna.

Ásta Ólafsdóttir frá Réttarholtsskóla kynnti verkefnið „*Creating games using Scratch*„.

Guðmundína Arndís Haraldsdóttir og Rósa Harðardóttir frá Kelduskóla og Langholtsskóla kynntu verkefnið „*Book it*„!

Bergþóra Þórhallsdóttir frá Kópavogsskóla kynnti forritið Keywe.

Hrefna Björk Sigurðardóttir og Anna Wahlström frá Leikskólanum Holti kynntu verkefnið „*The four headed dragon*„.

Sólveig Þórarinsdóttir frá Leikskólanum Ösp kynnti verkefnið „*Kulturudveksling*„.

Hlíf Magnúsdóttir frá Selásskóla kynnti verkefnið „*Grimmi tannlæknirinn*„.

Sigurþór Einarsson, kennaranemi við HÍ kynnti forritið Yammer.

Þorbjörg Guðmundsdóttir frá Akurskóla, Reykjanesbæ, kynnti danska Dúkkulísuverkefnið.

Ólöf Ágústína Stefánsdóttir frá Langholtsskóla kynnti hugleiðingar um textílmennt.

Björgvin Ívar Guðbrandsson frá Langholtsskóla kynnti Kvikukassa.

Margrét S. Björnsdóttir frá HÍ kynnti forritið GeoGebra.

Tinna Breiðfjörð Guðjónsdóttir frá Félagsmiðstöðinni Laugó kynnti óformleg UT-studd námskeið.

Erla Stefánsdóttir frá Mixtúra margmiðlunarvergi SFS kynnti forritið Reco Live.

Hans Rúnar Snorrason frá Hrafnagilsskóla kynnti verkefnið „*e-Window*„.

Elín Þóra Stefánsdóttir frá Grunnskóla Bolungarvíkur kynnti verkefnið „*e-Show*„ og Username: children Password: right.

Salvör Gissurardóttir frá HÍ kynnti Office 365 forritin Forms, Sway og QR-kóða.

Hjördís Ýrr Sveinsdóttir frá Hraunvallaskóla kynnti verkefnið „Blastic,,.

Í lok dags veittu Ágúst Hjörtur Ingbórsson og Guðmundur Ingi Markússon fulltrúar frá Landskrifstofa eTwinning ofangreindum eTwinning verkefnum gæðamerki eTwinning. Sérstök landsverðlaun voru veitt **Grunnskóla Bolungarvíkur** fyrir verkefnið **Sound by sound step by step together**, sem er samstarfsverkefni fjögurra landa og sameinar list, tónlist, leiklist og látbragðsleik.


Sjá nánar á vef Landskrifstofu eTwinning.

Þessa dagana heldur **iNámskeið** eTwinning námskeið fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Í boði eru tvö námskeið annars vegar staðnámskeið og hins vegar fjarnámskeið. **Smelltu hér til að skoða auglýsinguna.**

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á Menntabúðunum







Menntabúðir vor 2016

Á vormisseri 2016 verða haldnar farnar Menntabúðir um UT í námi og kennslu. Fara þær fram í stofu **H-207** í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð, **kl. 16:15-18:15**. Sjá Smore auglýsinguna.

Menntabúðir (e. EduCamp) er nýstárleg aðferð til **starfspróunar** sem við höfum aðlagað að okkar aðstæðum og haldið **undanfarin 3 ár**. Aðferðin byggir á **óformlegri jafningjafraðslu** sem stuðlar að aukinni umræðu á milli skólastiga sem og **eflingu tengslanets kennara**. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru ætlaðar starfandi **kennurum á öllum skólastigum og kennaranemum**.

Umfjöllunarefnið er opið, þátttakendur geta komið með uppástungur en einng hefur veirð vinsælt að koma „vandamál“ og fá aðstoð við að leysa það.

Þátttakendur eru beðnir um að koma með framlag í búðirnar. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námskrárvinnu, varpa fram spurningu eða koma með eitthvað málefni sem þarfnast lausnar. **Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku.**

Smelltu á dagsetningarnar hér fyrir neðan til að skrá þig á menntabúðirnar.

3. mars – Skýjalausnir og tæknidót

~~17. mars — Ný smáforrit og UT-verkfæri — Leiðir til að nýta þau í kennslu Falla niður vegna óviðráðanlegra ástæðna.~~

7. apríl – Ný smáforrit og UT-verkfæri – Leiðir til að nýta þau í kennslu og Forritun – Hvað virkar, hvernig og af hverju?

20. apríl – Bland í poka, hæfniviðmið, námsmat, upptökur, samfélagsmiðlar, efnisveitur ...

Myndskeiðið hér fyrir neðan er tekið upp á menntabúðum 10. mars 2015.

#Eymennt – Menntabúðir

Nokkrir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu hafa verið að mynda með

sérلærdómssamfélagumnotkunupplýsinga- og samskiptatækni (UST) í skólastarfi. Samstarfið spratt út frá námskeiðinu Samspil 2015 þar sem fulltrúar skóla af öllum skólastigum hittast og læra saman á tæknina. Fjórir skólar í Eyjafirði ákváðu að halda því samstarfi áfram.



Ákveðið var að efna til menntabúða í Brekkuskóla á Akureyri þar sem hugmyndin var forprófuð en síðan sótti hópurinn um styrk úr endurmenntunarsjóði til að halda verkefninu áfram.



Þegar hafa verið haldnar fjórar menntabúðir og öðrum skólum í nágrenninu boðin þátttaka. Til að byrja með mættu 20-30 kennarar en fjöldinn hefur síðan farið stigvaxandi og í síðustu búðunum sem voru þær fjórðu í röðinni, komu um 80 manns. Í

menntabúðunum hafa kennarar, nemendur og stjórnendur kynnt hugbúnað og tækni sem þeir hafa verið að prófa sig áfram með í kennslu, við stjórnun skóla og í námi sínu.

Verkefnið hefur lykilatriði lærdómssamfélags að leiðarljósi.

Markmiðið með samstarfinu er að:

- Miðla þekkingu og reynslu á notkun UST í skólastarfi milli skóla á svæðinu og læra hvert af öðru.
- Skapa samstarfsvettvang um málefni UST í skólastarfi.
- Styðja við kennara og skapa aðstæður til að miðla af þekkingu og reynslu til annarra kennara og skólastjórnenda.
- Fá utanaðkomandi aðila sem hafa reynslu og þekkingu í UST til að koma með kynningu á nýjungum í UST í skólastarfi sem lærdómssamfélagið kemur sér saman um að vilja fá sérstaka kynningu á.

- Styðja við og styrkja lærdómssamfélagið sem þegar hefur myndast.
- Festa lærdómssamfélagið um UST á Eyjafjarðarsvæðinu í sessi.

Stýrihóp verkefnisins mynda: Bergþóra Þórhallsdóttir sérfræðingur á skóladeild Akureyrarbæjar, Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarasdóttir kennarar í Brekkuskóla Akureyri, Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri Pelamerkurskóla Hörgársveit, Hans Rúnar Snorrason kennari Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit og Katrín Fjóla Guðmundsdóttir deildarstjóri í Dalvíkurskóla.



Stýrihópur skipuleggur dagskrá og auglýsir menntabúðirnar með rafrænum hætti.

Fyrir hverjar menntabúðir er þema valið eða aldurstig sem sérstaklega er fókusað á. Menntabúðirnar eru einnig kjörinn vettvangur fyrir kennara af mismunandi skólastigum til að bera saman bækur sínar.



Þó svo áður nefndir skólar haldi utan um dagskrá og skipulag lærdómssamfélagsins sem hefur myndast, þá er öllum skólum á Eyjafjarðarsvæðinu og nágrenni boðið að senda fulltrúa sína á menntabúðirnar hverju sinni.

Verkefnið tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla (2013), endurmenntunaráætlunum samstarfsskólanna og skólastefnu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

Áætlun um menntabúðir í Eyjafirði er sem hér segir:

Hrafnagilsskóli – september 2015 – lokið

Dalvíkurskóli – október 2015 – lokið

Pelamerkurskóli – nóvember 2015 – lokið

Brekkuskóli – janúar 2016 – lokið

Menntaskólinn á Akureyri – 18. febrúar 2016

Dalvíkurskóli – mars 2016

Pelamerkurskóli – apríl 2016

Brekkuskóli – maí 2016 (uppgjör og ávinningur metinn af samstarfinu)

Lærdómssamfélag – hvað er það?

Skólastarf er síbreytilegt og lifandi þar sem mismunandi ytri og innri þættir hafa áhrif á nám og starf starfsmanna og nemenda og þróun skóla sem stofnana. Sýnt hefur verið fram á að árangursrík og fagleg starfsþróun byggist á styðjandi og leiðseggjandi vinnubrögðum eins og samvinnu og samræðu, rýni í eigið starf og skýrum markmiðum og viðmiðum um árangur. Menning sem styður og viðheldur slíkum starfsháttum getur falist í því sem kallað er lærdómssamfélag (e. professional learning community).



Ef nám er lykilhugtak í skólastarfi mætti líta á lærdómssamfélag (professional learning community) sem yfirhugtak eða umgjörð til að efla nám í skólanum. Til staðar er lærdómssamfélag þegar samhugur er innan stofnunar eða skóla um það að byggja stöðugt upp nýja þekkingu og nýta hana á vettvangi. Þar vinnur fólk náið saman út frá mótaðri námssýn sem allir skilja á sama hátt. Allt starfsfólk hefur miklar væntingar til nemenda og ber sameiginlega ábyrgð á námi þeirra en einnig hvað á annars námi. Það rannsakar starf sitt og ígrundar það í þeim tilgangi að efla það og stuðla að auknum námsárangri hjá nemendum.

Lærdómssamfélag er samfélag með menningu sem leggur megin áherslu á að fólk læri að:

1. – Finna hvað það raunverulega vill.
2. – Greina hvað hindri það í að uppfylla þá ósk.
3. – Hlusta á hvað aðrir vilja og finna sameiginlega fleti sem skýra framtíðarsýn hópsins og læri að sjá kosti þess að læra saman.
4. – Skapa aðstæður í sameiningu.



Innan lærdómssamfélagsins þarf að ríkja umhverfi trausts, heiðarleika og samvinnu sem hvetur til og skapar frjóan jarðveg fyrir, sköpun og miðlun þekkingar, því fólk vill frekar skapa og deila þekkingu með þeim sem það treystir og er vel við en hið gagnstæða. Lærdómssamfélag

þarf mjög frjósamt umhverfi til að festa rætur og sprettur því fyrst hjá litlum hópum með skýra sameiginlega sýn um hvað það vill skapa, brennandi áhuga að gera hana að veruleika og bjargfasta trú um að geta það. Slíkir hópar leysa úr læðingi svo mikinn sköpunarkraft og áhuga að það smitar út frá sér og þegar aðrir fara að sjá kosti lærdómssamfélagsins breiðir hún úr sér um þær skipulagsheildir og samfélög sem hún hefur fest rætur í.

f.h. stýrihópsins
Bergþóra Þórhallsdóttir